



ISAC

FAGGILDINGARSVIÐ HUGVERKASTOFUNNAR

ÁRSSKÝRSLA

2024

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Starfsfólk	4
Jafningjamat	4
Heimasíða - Nýtt merki - Stafræn þróun	6
Faggildingarráð	6
Ný gjaldskrá	7
Tillögur um lagabreytingar	7
B-faggilding	8
Samstarf við Swedac	8
Erlent samstarf	9
Úttektir og eftirlit	10
Kvartanir og meðferð þeirra	10
Kynningarmál	11
Fjármál og rekstur	11

Inngangur

Árið 2024 var afar viðburðaríkt í starfsemi ISAC. Nýr sviðsstjóri tók við stjórn ISAC, nýtt starfsfólk kom til starfa, jafningjamat á vegum EA fór fram og skilaði jákvæðri niðurstöðu, ný heimasíða og nýtt merki voru tekin í gagnið, ný gjaldskrá tók gildi á haustmánuðum, gagnger endurskoðun fór fram á öllu verklagi og vinnuferlum með sérstakri áherslu á stafræna þróun, og skýrari línur voru lagðar um þá þjónustu sem ISAC veitir, í samstarfi við Swedac og stjórnvöld svo sem Samgöngu- stofu.

Eftir annasamt ár og farsælar breytingar horfir starfsfólk ISAC björtum augum til framtíðar.

Sólveig Ingólfssdóttir, sviðsstjóri ISAC

Sólveig Ingólfssdóttir



Starfsfólk

Sólveig Ingólfssdóttir tók við sem sviðsstjóri í mars, en hún hafði starfað sem gæðastjóri ISAC frá september 2023. Sólveig hafði áður starfað um árabil hjá sænsku faggildingarstofnuninni Swedac. Hún hefur yfir 30 ára reynslu af stjórnun gæðamála, lengst af hjá einkafyrirtækjum í Svíþjóð.

Guðrún Rögnvaldardóttir hóf störf sem sérfræðingur hjá ISAC í maí. Guðrún var sérfræðingur á skrifstofu EFTA í Brussel um sex ára skeið, en þar áður framkvæmdastjóri Staðlaráðs Íslands í 20 ár. Hún hefur starfað við stöðlun og tengd málefni frá 1991.

Bryndís Rós Sigurjónsdóttir hóf störf sem sérfræðingur hjá ISAC í júní og tók síðan við sem gæða- og skrifstofustjóri í byrjun árs 2025. Bryndís var sérfræðingur á rekstrarsviði hjá Hugverkastofunni um sex ára skeið og var m.a. teymisstjóri gæðateymis sem endurhannaði og innleiddi nýtt gæðakerfi.

Örn Alexandersson hóf störf sem úttektarstjóri hjá ISAC í nóvember. Örn hefur 30 ára reynslu af gæðamálum, lengst af hjá BSI á Íslandi ehf. sem úttektarmaður við vottun stjórnunarkerfa.

Guðrún Helga Jónsdóttir, sérfræðingur á Hugverkastofunni, aðstoðaði starfsfólk ISAC, einkum vegna undirbúnings og framkvæmdar jafningjamats.



Jafningjamat

Jafningjamat á starfsemi ISAC hvað varðar faggildingu skoðunarstofa fór fram á árinu. Jafningjamatið er skipulagt af evrópsku faggildingarsamtökunum EA, European co-operation for Accreditation. Reglugerð (EB) 765/2008 skyldar faggildingarstofnanir í aðildarlöndum EES-samningsins til að undirgangast jafningjamat, en þær þurfa jafnframt að standast slíkt mat til að geta verið aðilar að samningi EA um gagnkvæma viðurkenningu faggildinga (EA MLA, Multilateral Agreement).

Fyrsta jafningjamat ISAC fór fram í apríl 2022 og ISAC gerðist aðili að EA MLA samningnum fyrir faggildingu skoðunarstofa í október það ár. Endurmat þarf að fara fram tveimur árum eftir fyrsta mat, og síðan að jafnaði á fjögurra ára fresti. Fyrirhugað var jafningjamat í apríl 2024 en vegna sviðsstjóraskipta fékkst því frestað um tvo mánuði.

Tveggja manna teymi kom til Íslands og framkvæmdi jafningjamatið dagana 17. – 21. júní. ISAC fékk bráðabirgðaskýrslu afhenta í lok heimsóknarinnar, þar sem skráð voru 16 frávik og tvær athugasemdir. Strax var hafist handa við að greina orsakir frávikanna og gera viðeigandi úrbætur.

Drög að lokaskýrslu bárust 16. september og ISAC sendi svör sín til matsstjórans 15. október. Þann 16. desember var kallað eftir frekari upplýsingum og gögnum sem voru send í árslok og byrjun janúar 2025.

Lokaskýrsla jafningjamatsins barst ISAC 15. janúar 2025. Í niðurstöðum hennar er mælt með áframhaldandi aðild ISAC að EA MLA samningnum og að næsta jafningjamat fari fram í júní 2028, en þó ætti ISAC að skila framvinduskýrslu vegna tveggja frávika (breytingar á lögum og B-faggilding) í árslok 2025.

Greining og úrvinnsla frávika leiddi til ýmissa aðgerða og umbóta í starfsemi ISAC og verður gerð grein fyrir þeim helstu hér síðar.



Lokafundur jafningjamats. Frá vinstri: Bryndís Rós Sigurjónsdóttir sérfræðingur hjá ISAC, Ágúst Þór Jónsson formaður Faggildingarráðs, Sólveig Ingólfssdóttir sviðsstjóri ISAC, Hermann Schaufler frá Austurríki, Leopoldo Cortez frá Portúgal, Ingvi Már Pálsson skrifstofustjóri í menningar- og viðskiptaráðuneytinu, Guðrún Rögnvaldardóttir sérfræðingur hjá ISAC og Borghildur Erlingsdóttir forstjóri Hugverkastofunnar.

Heimasíða – Nýtt merki – Stafræn þróun

Í júní hófst vinna við að endurgera heimasíðu ISAC og færa hana undir hatt island.is. Þessi vinna var leidd af starfsmanni ISAC ásamt fulltrúum frá Advania og Verkefnastofu um stafrænt Ísland. Allt efni á heimasíðunni var endurskoðað, uppfært og lagað að kröfum og efnisstefnu island.is. Ný heimasíða var síðan tekin í gagnid í lok október.

Á nýju heimasíðunni var byrjað að nota nýtt merki ISAC, en skráningarferli þess er ekki lokið og því er notkun þess ekki enn hafin á skírteinum og ýmsum öðrum gögnum frá ISAC.

Í nóvember var tekið að nota rafrænar undirskriftir á faggildingarskírteini og senda þau í stafrænt pósthólf viðskiptavina. Frekari stafræn þróun er í undirbúningi, svo sem Mínar síður á island.is, rafrænar umsóknir og fleira.



Nýtt merki ISAC

Faggildingarráð

Nýtt Faggildingarráð, skipað til tveggja ára (2024-2025) hélt fjóra reglulega fundi á árinu. Einnig var haldinn aukafundur í september til að ræða tillögur til breytinga á lögum nr. 24/2006 um faggildingu.

Nýr fulltrúi kom inn fyrir Vinnueftirlitið á miðju ári. Fulltrúi Samgöngustofu hætti í september og ekki hefur verið tilnefndur annar fulltrúi í hans stað. Samtök iðnaðarins hafa heldur ekki tilnefnt fulltrúa. Því voru 10 meðlimir í ráðinu í árslok, fulltrúar Samtaka verslunar og þjónustu (SVP), hóps faggiltra aðila innan SVP, Landlæknisembættisins, Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar, Matvælastofnunar, Vinnueftirlitsins, Staðlaráðs Íslands, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Neytendasamtakanna, auk formanns sem skipaður er án tilnefningar.

Helstu málefni á dagskrá funda ráðsins voru:

- Áhættumat ISAC (álit ráðsins fengið í júní og desember)

- Jafningjamat EA og viðbrögð við því
 - Breytingar á verklags- og leiðbeiningareglum og reglum um faggildingarmerki
 - Tillögur til breytinga á lögum um faggildingu
 - Ný gjaldskrá ISAC
- Samstarf ISAC og Swedac
- Stefnumótun og kynning á faggildingu

Breytingar á reglum ISAC voru kynntar og samþykktar á fundi Faggildingarráðs í lok ágúst og jafnframt kynntar fyrir ákvörðunarnefnd. Tilkynning um breytingarnar var send öllum faggiltum samræmismatsstofum í byrjun september.

Ný gjaldskrá

Eitt af þeim frávikum sem skráð voru í jafningjamati EA varðaði birtingu gjaldskrár. Gildandi gjaldskrá faggildingarsviðsins var frá 1995 og hafði hin síðari ár hvorki verið opinberlega aðgengileg né verið notuð nema að hluta til, t.d. hafði ákvæðum hennar varðandi úttektir á útibúum ekki verið fylgt. Í staðinn hafði verið innheimt svokallað faggildingargjald sem var mjög ógagnsætt.

Í framhaldi af jafningjamatinu hófst vinna við að semja nýja gjaldskrá, með það að markmiði að hún endurspeglaði raunverulegan kostnað við faggildingu og eftirlit og að hún væri gagnsæ fyrir viðskiptavinum, svo að þeim væri ljóst fyrir hvað væri verið að greiða. Þannig eru nú aðgreindir gjaldaliðir fyrir grunnúttektir, mismunandi tæknisvið og skoðunaraðferðir, auk álags vegna úttekta á útibúum.

Drög að nýrri gjaldskrá voru kynnt fyrir Faggildingarráði og fulltrúum menningar- og viðskiptaráðuneytisins (MVR) í lok sumars. Ráðherra staðfesti síðan gjaldskrána, sem var birt í Stjórnartíðindum 29. október og tók þegar gildi. Upphæðir í gjaldskránni skulu uppfærast árlega í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs.

Tillögur um lagabreytingar

Jafningjamatið leiddi í ljós ósamræmi milli laga um faggildingu o.fl., nr. 24/2006, og reglugerðar (EB) 765/2008. Þetta er skiljanlegt þar sem lögin eru eldri en reglugerðin, sem innleidd er á Íslandi með reglugerð 566/2013. Nauðsynlegt þykir að útrýma þessu ósamræmi með breytingum á lögunum.

Vinna við tillögur að lagabreytingum hófst í júlí og fyrstu tillögur voru kynntar fyrir MVR og Faggildingarráði í ágúst. Í framhaldi af aukafundi Faggildingarráðs í september voru settar fram tillögur um lagabreytingar og þeim komið til MVR í október sem drögum að frumvarpi til laga. Vinna MVR við áformaskjöl var hafin þegar skyndilega var tilkynnt um ríkisstjórnarslit og kosningar. Því hefur þetta verkefni verið í bið innan ráðuneytisins og það bíður nýs ráðherra að taka ákvörðun um framhaldið.

B-faggilding

Síðustu 30 ár hefur verið boðið upp á einfaldaða útgáfu af faggildingu, svokallaða B-faggildingu, fyrir verkstæði sem annast endurskoðun ökutækja og ísetningu og skoðun ökurita og hraðatakmarkara. Við þetta fyrirkomulag var gerð alvarleg athugasemd í jafningjamatinu, þar sem nógildandi útgáfa þess staðals sem skilgreinir kröfur til faggildingarstofnana (ÍST EN ISO/IEC 17011:2017) leyfir ekki að gefinn sé neinn afsláttur af kröfum um fulla faggildingu. Þetta er breyting frá eldri útgáfu staðalsins, sem heimilt var að nota til ársloka 2020.

Ekki hafði verið brugðist við þessum breyttu kröfum staðalsins, en í framhaldi af jafningjamatinu hófust viðræður við Samgöngustofu um hvernig best væri að standa að afturköllun allra B-faggildinga. Stjórnvöld þurfa að fella úr gildi nokkrar reglugerðir, sumar áratuga gamlar, sem vísa til B-faggildinga og ákveða hvort gerð verður krafa um fulla faggildingu verkstæða til að þau fái starfsleyfi Samgöngustofu. Rétt þótti því að framlengja allar B-faggildingar til ársloka 2025, til að þeir aðilar sem málið varðar hafi tíma til að laga starfsemi sína að breyttu fyrirkomulagi.

Öllum verkstæðum með B-faggildingu var tilkynnt með bréfi 16. desember að faggildingin myndi falla úr gildi þann 31. desember 2025. Þar sem öll verkstæðin eru eingöngu með starfsemi á Íslandi féllst matsstjóri jafningjamatsins á þetta fyrirkomulag sem fullnægjandi úrlausn fráviksins. EA þarf síðan að samþykkja þessa niðurstöðu.

Samstarf við Swedac

Rammasamningur um samstarf milli ISAC og sænsku faggildingarstofnunarinnar Swedac var undirritaður af forstjóra Swedac og menningar- og viðskiptaráðherra, fyrir hönd ISAC, þann 25. ágúst 2022. Samkvæmt honum eru gerðir árlegir samningar um nánar skilgreind samstarfsverkefni og þjónustu, svo sem úttektir og fræðslu, og skipulag þeirra.

Rammasamningurinn kveður einnig á um að Swedac muni annast, í sínu nafni en fyrir hönd ISAC, faggildingu íslenskra samræmismatsstofa á þeim sviðum þar sem ISAC skortir hæfni eða hefur ekki hlotið aðild að samningi EA um gagnkvæma viðurkenningu. Eins og er á þetta við um öll svið samræmismats nema skoðanir.

Þetta fyrirkomulag er í samræmi við reglugerð (EB) 765/2008, sem gerir ráð fyrir að ef aðildarríki telur að það sé hvorki fjárhagslega markvisst né sjálfbært að koma á fót faggildingarstofnun eða veita tiltekna faggildingarþjónustu skuli það, eftir því sem unnt er, hafa aðgang að faggildingarstofnun annars aðildarríkis. Slíkt fyrirkomulag skal tilkynna framkvæmdastjórn ESB. MVR sendi því tilkynningu um rammasamning ISAC og Swedac til Eftirlitsstofnunar EFTA 22. október og ISAC sendi samsvarandi tilkynningu til EA og til framkvæmdastjórnar ESB þann 30. október.

Í samræmi við ákvæði reglugerðar (EB) 765/2008 ber íslenskum samræmismatsstofum sem óska faggildingar að snúa sér til ISAC, ef um skoðunarstofu er að ræða, en Swedac fyrir annars konar samræmismatsstarfsemi. Þeim aðilum sem höfðu hlotið faggildingu ISAC, öðrum en skoðunarstofum, var tilkynnt um þessa tilhögun með bréfi þann 27. nóvember.

Tveir fulltrúar Swedac, forstjóri og sviðsstjóri faggildingarsviðs, komu til Íslands í lok október og áttu fundi með starfsfólki ISAC, formanni Faggildingarráðs, fulltrúum MVR, forstjóra Hugverkastofunnar og fleirum, auk þess að sitja kynningar- og fræðslufund um faggildingar á sviði læknisfræðilegra prófana á Landspítalanum.



Heimsókn í menningar- og viðskiptaráðuneytið. Frá vinstri: Ingvi Már Pálsson, skrifstofustjóri, Steindór Dan Jensen, lögfræðingur, Borghildur Erlingsdóttir, forstjóri Hugverkastofunnar, Sigrún Brynja Einarsdóttir, ráðuneytisstjóri, Ulf Hammarström, forstjóri Swedac, Stína Benderix, sviðsstjóri hjá Swedac, Sólveig Ingólfssdóttir, sviðsstjóri ISAC.

Erlent samstarf

Pátttaka ISAC í erlendu samstarfi á árinu fólst í að sækja eftirfarandi fundi á vegum EA og NORDA (samstarf norrænu og baltnesku faggildingarstofnananna):

- Aðalfundir EA (General Assembly) í maí og nóvember
- Fundir EA MAC (Multilateral Agreement Council) í apríl og október
- Fundur EA IC (Inspection Committee) í september
- Fundur forstöðumanna NORDA í ágúst

Stuttar samantektir um helstu málefni, umræður og ákvarðanir voru skrifaðar eftir fundina, og efni þeirra kynnt bæði fyrir starfsfólki ISAC og fyrir Faggildingarráði.

Unnin var þarfagreining um pátttöku ISAC í fundum á vegum EA og NORDA, og gerðar tillögur um

forgangsröðun ásamt tillögum um hvaða starfsmenn ættu að sækja fundina. Þessi vinna verður höfð til hliðsjónar við ákvörðun um þátttöku í fundum næsta árs. Í framhaldi af ábendingu sem kom fram í jafningjamatinu var kannað hvaða ávinningur og kostnaður myndi fylgja aðild ISAC að alþjóðasamtökunum ILAC (International Laboratory Accreditation Cooperation) og niðurstöður kynntar fyrir Faggildingarráði í byrjun desember. Ráðið hvatti til að sótt yrði um aðild að ILAC og er umsókn í undirbúningi.

Úttektir og eftirlit

Kjarnastarfsemi ISAC felst að miklu leyti í faggildingar- og eftirlitsúttektum. Engar nýjar faggildingarumsóknir bárust á árinu. Eftirlits- og endurmatsúttektir voru samtals 11. Í sumum þessarra úttekta tóku tæknilegir úttektarmenn eða sérfræðingar frá Swedac þátt, í samræmi við rammisamning ISAC og Swedac.

Töluverð vinna var lögð í að bæta skipulagningu úttekta og tryggja að framkvæmd þeirra væri fullnægjandi, einkum hvað varðar úttektir á útibúum sem nokkuð hafði vantað upp á síðustu árin.

Ákvörðunarnefnd ISAC fundaði sex sinnum á árinu og tók níu ákvarðanir um staðfestingu faggildingar, þar sem í hlut áttu sex skoðunarstofur.

Starfsmenn ISAC fengu að fylgjast með eftirlitsúttektum sem Swedac gerði hjá íslenskum prófunarstofum, til undirbúnings mögulegri útvíkkun á faggildingarstarfsemi ISAC í þá átt á næstu árum.

Hafin var vinna við undirbúning námskeiðs fyrir tæknilega úttektarmenn, sem haldið var í janúar og febrúar 2025. Einnig var leitað til Samgöngustofu um að útvega tæknilega sérfræðinga á sviði skoðunar ökutækja, og mun sérfræðingur þaðan hefja þjálfun sem tæknilegur úttektarmaður með þátttöku í námskeiðinu. Verður það mjög til bóta í úttektum á skoðunarstofum ökutækja að hafa á að skipa íslenskumælandi sérfræðingi.

Kvartanir og meðferð þeirra

Þrjár kvartanir voru skráðar hjá ISAC á árinu. Tvær þeirra beindust að starfsemi faggiltra skoðunarstofa ökutækja (röng notkun faggildingarmerkis, ófullnægjandi framkvæmd skoðana) og var leyst úr þeim í samstarfi við viðkomandi skoðunarstofur.

Þriðja kvörtunin sneri að framkvæmd ISAC á eftirlitsúttekt hjá skoðunarstofu ökutækja í september. Kvörtunin barst seint í nóvember og var tekin til rannsóknar hjá ISAC. Þar sem efni kvörtunarinnar sneri að hluta til að úttektarmönnum frá Swedac var sviðsstjóra faggildingarsviðs Swedac gert viðvart um kvörtunina og óskað eftir viðbrögðum. Rannsókn var ekki lokið um áramót.

Kynningarmál

Á árinu fór fram vinna við að greina á hvaða sviðum íslensk lög vísa til faggildingar eða gera ráð fyrir faggiltri samræmismatsstarfsemi, til undirbúnings aukinni kynningu á starfsemi og þjónustu ISAC.

Starfsfólk ISAC hefur orðið vart við aukinn áhuga og skilning hagsmunaaðila og stjórnvalda á faggildingu sem verkfæri til að tryggja fagleg vinnubrögð og einfalda opinbert eftirlit og gera það skilvirkara. Auk nokkurs fjölda fyrirspurna sem ISAC hafa borist frá fyrirtækjum og stofnunum um faggildingu á ýmsum tegundum samræmismats má nefna t.d. eftirfarandi nýlega útgefin skjöl, þar sem bent er á kosti faggildingar:

- Skýrsla starfshóps um fyrirkomulag eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum og matvælum (umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið, ágúst 2023),
- Vegvísir að mótun rannsóknahverfis mannvirkjagerðar (Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, mars 2024),
- Réttum kúrsinn: Umbætur í opinberu eftirliti (Viðskiptaráð, ágúst 2024).

Rætt hefur verið um að ISAC útvíkki starfsemi sína á næstu árum með það fyrir augum geta boðið upp á faggildingu prófunarstofa (þ.m.t. læknisfræðilegra) sem verði hæf til að standast jafningjamat EA. Faggilding vöruvottunar er annað svið sem rætt hefur verið að fýsilegt gæti verið að fara inn á. Almenn er mikilvægt að koma því betur á framfæri við stjórnvöld og hagsmunaaðila hvaða ávinning faggilding hefur í för með sér.

Faggildingarráð hefur rætt þessi mál á fundum sínum og mun halda áfram að fylgja þeim eftir. Vinna við mótun tillagna um aðgerðir í kynningarmálum var fyrirhuguð á árinu en tafðist vegna annarra verkefna sem voru ærin, einkum við úrbætur og aðgerðir vegna frávika og ábendinga sem fram komu í jafningjamati EA. Þráðurinn verður tekinn upp á nýju ári.

Fjármál og rekstur

Starfsemi ISAC á árinu 2024 mótaðist af miklum breytingum eins og rakið er hér að framan. Mest munaði þar um fjölgun stöðugilda.

Starfsemi faggildingarsviðs er annars vegar fjármöggnuð með framlagi úr ríkissjóði og hins vegar með rekstrartekjum. Framlag úr ríkissjóði var 43,1 m.kr. og rekstrartekjur voru 19,3 m.kr.

Heildargjöld voru 84,9 m.kr. Þar af var launakostnaður 55 m.kr., kostnaður við aðkeypta þjónustu var 24,8 m.kr. og kostnaður við aðildargjöld, fundi og ferðir voru 4,2 m.kr. Annar kostnaður var 0,9 m.kr.

Rekstrarniðurstaða ársins 2024 var neikvæð um 22,5 m.kr. Uppsafnaðar og ónýttar fjárheimildir fyrri ára voru nýttar til að mæta neikvæðri afkomu.